

Mál nr. 158/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 5.2.2003.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 20.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var að störfum hjá vinnuveitanda sínum, V, í fundarherbergi í höfuðstöðvum þess. Var hann þar á fundi ásamt fleirum, er hann var kallaður í kaffi. Mun hann þá hafa hlaupið til, en rekið ennið í glerhurð á fundarherberginu með þeim afleiðingum að hann hlaut m.a. alvarlega höfuðáverka.

V hafði flutt höfuðstöðvar sínar í umrætt húsnaði um tveimur mánuðum fyrir slysið. Samkvæmt upplýsingum V eru glerveggir og glerhurðir í fundarherbergjum á öllum hæðum hússins. Hurðirnar eru stórar í málmrömmum með stórum handföngum og hurðarpumpum. Er slysið varð hafði ekki verið gengið frá merkingum á hurðum og glerveggjum í samræmi við reglur þar um.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá Sjóvá-Almennum vátryggingafélaginu X. Félagið hefur einungis viðurkennt bótaábyrgð að hálfu vegna eigin sakar M.

Álit.

M gekk á stóra glerhurð sem var án viðvörunarmerkja. Af þeim sökum hefur sést mun verr en ella hvort hurðin var opin eða lokuð. Vanbúnaður eins og hér um ræðir verður að teljast alvarlegur og er það meginorsök þess að M rakst á hurðina. Hins vegar verður ekki fram hjá því horft að M virðist hafa staðið snögglega á fætur og gengið á hurðina án þess að gæta nægrar varúðar, en hann vissi eða mátti vita að hurðin var úr gleri og ómerkt þannig að gæta þurfti sérstakrar varúðar er gengið var um dynnar. Eftir atvikum þykir rétt að V beri ábyrgð á tjóni M að 2/3 hlutum, en hann beri sjálfur 1/3 hluta vegna eigin sakar. Tjónið skal því bætast að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 25. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.